

## Ályktun um atvinnumál

Sterk hreyfing launþega og heildarkjarasamningar hennar við atvinnurekendur eru hornsteinar á íslenskum vinnumarkaði. Um árabil hefur átt sér stað víðtækt samstarf um uppbyggingu og framþróun íslensks atvinnulífs milli þessara skipulögðu samtaka. Ágreiningur hefur verið leystur með umræðu og samningum, jafnvel þegar tekist er á um grundvallaratriði. Markmið Starfsgreinasambandsins er og hefur verið betra atvinnulíf sem tekur til betra umhverfis og auðlindanýtingar þar sem leitast er við að tryggja atvinnu- og afkomuöryggi launafólks. Að þessum grundvallaratriðum á vinnumarkaði er nú vegið. Innlendir og erlendir atvinnurekendur, beita sér blygðunarlaust fyrir aðför að skipulögðum vinnumarkaði og lágmarkskjörum. Það kallar á óyfistíganleg vandamál ef kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins verða ekki forsenda atvinnulífsins og frjálsrar samkeppni. Vinnuskilyrði í íslensku atvinnulífi verða að gera fólki mögulegt að skila starfsæfi sinni í virkri atvinnuþátttöku, nærri heimabyggð en það verði ekki fórnarlömb atvinnuleysis eða örorku vegna bágra starfsaðstæðna. Starfsgreinasambandið vill stuðla að hagkvæmni í atvinnulífinu þar sem arðsemi, betri framleiðsla og hagræðing fer saman við bættar félagslegar aðstæður, og góð vinnuskilyrði.

Starfsgreinasamband Íslands krefst þess að stjórnvöld setji skýrar reglur um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Setja þarf, án tafar, lög um stafsmannaleigur m.a. til að vinna gegn félagslegum undirboðum og ólögætum launakjörum hér á landi. Ógnun við áratugahefð á íslenskum vinnumarkaði þarf að kæfa í samstilltu átaki aðila vinnumarkaðarins. Grundvallatriði eru í húfi.

## Greinargerð með ályktun um atvinnumál

Aðilar vinnumarkaðarins hafa með samningum sínum á milli leitast við að tryggja atvinnu- og afkomuöryggi launafólks um árabil. Með aðkomu ríkisins var einnig lagður grunnur að velferðarkerfi, uppbyggingu og framþróun atvinnulífs og vinnumarkaðar hér á landi um átatugabil. Að þessum vinnumarkaði er nú vegið. Tilraunir Impregilo við Kárahnjúka, til að fótumtroða kjarasamninga er glöggt dæmi um nýjan veruleika sem blasir við. Fjöldi erlendra verkamanna, utan við samningsbundin réttindi, fer vaxandi m.a. í skjóli skorts á reglum um framkvæmd á málefnum útlendinga á vinnumarkaði á Íslandi og skorts á lögum og reglum um starfsmannaleigur. Stefna stjórnvalda virðist vera aðgerðaleysi, viljaskortur og vanmáttur í þessum efnum. Innlendir atvinnurekendur, eins og Brim hf og Iceland Express eru nýjustu dæmin um, sækja í sig veðrið beita sér blygðunarlaust fyrir aðför að skipulögðum vinnumarkaði og lágmarkskjörum.

Ný “þjónustutilskipun ESB”, eins og hún hefur verið kynnt á vettvangi Evrópusambandsins, er ógnun við íslenska og norræna hefð á vinnumarkaði. Verði hún að veruleika, munu fyrirtæki frá láglaunalöndum Evrópu, verða samkeppnisfærari í öðrum löndum, með félagslegum undirboðum. Líkur eru einnig á að mörg fyrirtæki í efnaðri löndum, þar sem verkalýðshreyfing er sterk eins og hér á landi, muni flytja til landa þar sem launakjör og félagsleg réttindi eru bágborin. Þessi þróun er þegar hafin. Fyrirtæki á Íslandi kalla þetta “tækifæri til útrásar.” Tilskipunin er líka ógnun við frjálsa verkalýðshreyfingu sem er að verða til í löndum mið- og austur Evrópu og til þess fallin að kæfa hana í fæðingu. Það kallar á óyfírstíganleg vandamál ef kjarasamningar og frjáls verkalýðshreyfing er ekki til staðar sem forsenda frjálsrar samkeppni fyrirtæka á Evrópska markaðssvæðinu.

Atvinnulíf sem byggir á félagslegum undirboðum, en ekki á gæðum, er til þess fallið að valda skaða og getur hvorki verið áhugasamt fyrir ábyrga atvinnurekendur né aðra þá aðila sem annt er um atvinnustarfsemi í sinni heimabyggð. Fyrirtæki verða að bera ábyrgð á starfsfólki sínu, hvar sem þau starfa og eiga ekki að komast upp með að hliðra sér hjá félagslegum skyldum sínum í einu landi, með því að flytja starfsemi sína til annað. Gegn slíkri þróun mun Starfsgreinasamband Íslands berjast m.a. í samvinnu við systursamtök sín á Norðurlöndum, í Evrópu og á alþjóðavettvangi.

Vinnuskilyrði í íslensku atvinnulífi verða að gera fólki mögulegt að skila starfsæfi sinni í virkri atvinnuþátttöku, nærri heimabyggð, að það verði ekki fórnarlömb atvinnuleysis eða örorku vegna bágra starfsaðstæðna. Auka þarf rétt starfsfólks til meðákvörðunar um vinnuumhverfi sitt, lýðræði á vinnustað og rétt til að auka færni sína með þjálfun og símenntun. Sjálfbær þróun í atvinnulífinu tekur til betra umhverfis, þar sem náttúran hefur ákveðið þol um átroðning og auðlindanýtingu. Hún tekur einnig til hagkvæmni þar sem arðsemi, betri framleiðsla og hagræðing fer saman við bætтар félagslegar aðstæður verkafólks, betra vinnuumhverfi og minna álag. Á þessum forsendum styður Starfsgreinasambandið sjálfbæra þróun í atvinnulífinu.